

## Skólastarf 4ra og 5 ára

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi árgangsins svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði
4. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

## 2.1. Samantekt kennslu árgangs

Árgangarnir eru að mörgu leiti sambærilegir en þó er samstarf milli 5, 6 og 7 ára árganganna í list- og verkgreinasmiðjum sérstakt. Báðir árgangarnir fara í allar smiðjurnar og allar greinar koma þar að, en 5 ára börnin eru byrjuð í öllu list- og verknámi eins og það er sett upp fyrir yngstu árganga grunnskólans. Aðkoma sérgreinakennara er einnig misjafnt en báðir árgangar hitta íþróttakennara og myndlistakennara skólans en aðeins 5 ára árgangurinn tónlistarkennara skólans.

Námssvið	Námsgreinar	Vægi í daglegu starfi
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Mikið Mikið Mikið Mikið
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	Lítið Lítið
3. List- og verkgreinar	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Meðal Mikið Mikið Meðal Meðal Meðal
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störfufræði 4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	Meðal Lítið Lítið Lítið Meðal
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund (5 ára börn)	Mikið Meðal
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	Mikið Mikið Mikið
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur 7.3. Rúmfræði, mælingar	Mikið Mikið Mikið Meðal
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Meðal Meðal

## 2.2. Áherslur grunnþátta menntunar í árganginum

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum.

<b>Grunnþáttur menntunar</b>	<b>Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnþætti</b>
<i>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</i>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að börn búi við umhyggju.</li><li>• Að börn búi við jákvæð samskipti og hrós.</li><li>• Að börn læri almennt hreinlæti.</li><li>• Að börn læri og njóti hreyfingar; úti og inni, gönguferða, skipulagðra hreyfistunda og útivistar.</li><li>• Að börn læri og myndi félagsleg tengsl við börn og nánasta umhverfi.</li><li>• Að lögð sé áhersla á borðhald barnanna.</li><li>• Að börn verði meðvituð um mikilvægi hollra næringar.</li></ul>
<i>JAFNRÉTTI:</i>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að skapað sé tækifæri í skólastarfinu fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum.</li><li>• Að börnum gefist svigrúm til að rækta hæfileika sína.</li><li>• Að öll börn eiga rétt á sinni skoðun.</li><li>• Að barnið læri umburðarlyndi og að bera virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi sínu.</li><li>• Að leggja áherslu á fjölbreytileikann í allri sinni mynd s.s. fjölbreyttur starfsmannahópur, barnahópur, efniviður og námsefni.</li></ul>
<i>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</i>	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Sjá kafla um jafnrétti.</li><li>• Að börnin taki þátt í umræðum og ákvarðanatökum.</li><li>• Að börnin taki virkan þátt í skólastarfinu.</li><li>• Að komið sé til móts við þarfir allra í barnahópnum.</li></ul>

Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnpætti
<b>LÆSI:</b>	<p>Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að börnin styrki málvitund sína.</li> <li>• Að börnin læri texta og taki þátt í söng.</li> <li>• Að börnin kynnist ólíkum bókmenntum, sögum, þulum og ævintýrum.</li> <li>• Að börnin efli sjálfstraust, vináttu og gleði.</li> <li>• Að börnin þrói læsi og öðlist skilning á rituðu máli.</li> <li>• Að börnin geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum.</li> <li>• Að börnin efli hljóðkerfisvitund.</li> <li>• Samþætta hina mörgu þætti máls, s.s. lestur, ritun, tal og hlustun.</li> <li>• Að barnið sé virkur þátttakandi í menningarsköpun okkar.</li> <li>• Að barnið sé læst á umhverfi sitt.</li> <li>• Að hafa markvissa og heildstæða læsiskennslu frá upphafi skólagöngu.</li> <li>• Að þróa vinnubrögð í læsiskennslu í leikskóla.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<p>Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi sínu.</li> <li>• Að börn læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.</li> <li>• Að börn læri að setja sér mörk.</li> <li>• Að börn læri að hlutirnir hafi tilgang.</li> <li>• Að börn læri að ganga vel um.</li> <li>• Að börn kynnist hringrás náttúrunnar og hinum ýmsu fyrirbærum náttúrunnar.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<p>Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að styðja börnin til að uppgötva og njóta.</li> <li>• Að styðja börnin til glíma við hin ýmsu viðfangsefni.</li> <li>• Að bjóða upp á skapandi umhverfi og efnivið.</li> <li>• Að barnið uppgötví nýja möguleika og eigin lausnir.</li> <li>• Að opna nýjar víddir fyrir barnið.</li> <li>• Að börn kynnist bókmenntum, þulum og ævintýrum.</li> <li>• Að börn kynnist og læri texta, taki þátt í söng og leikgerð.</li> </ul>

### 2.3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn

Fyrir árgangana gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni:

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig á skýran hátt.</li> <li>• Geti sagt nafn sitt, aldur og kyn.</li> <li>• Tjá sig um þarfir sínar, langanir og drauma.</li> <li>• Hafa málskilning miðað við þroska og hæfni.</li> <li>• Að eflast í að tjá sig með orðum.</li> <li>• Að barnið leitist eftir aðstoð.</li> <li>• Skilið vináttu, sýnt samkennd og náð að tala við jafnaldra sína.</li> </ul>	Gott og hvetjandi málumhverfi. Að börnin tjái þarfir sínar og langanir. Leggja inn hugtök. Lögð er áhersla á virka hlustun og notaðar séu opnar spurningar. Lögð er áhersla á fjölbreyttan orðaforða. Hvetja börnin til að sýna frumkvæði. Hvetja börnin til sjálfshjálpar
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýtt sér skapandi hugsun og fjölbreyttar leið á leið sinni til lausna.</li> <li>• Efla sjálfstæði hvers og eins.</li> </ul>	Skapandi, merkingarbær, opinn og fjölbreyttur efniviður. Skapa tíma og svigrúm til að barn geti afhafnað sig og leitað lausna. Leiðin að lausninni er mikilvægari en útkoman sjálf.

Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verið sjálfstætt í daglegum athöfnum.</li> <li>• Verið fært um að deila efnivið og skiptast á.</li> <li>• Sýnt samkennd.</li> <li>• Unnið með öðrum.</li> <li>• Að börnin læri að virða mörk.</li> <li>• Tjáð sig á fjölbreyttan hátt</li> </ul>	Hvetja börnin til sjálfshjálpar s.s. að klæða sig, skammta sér við matarborðið, þvo sér sjálf um hendur, ganga frá eftir sig. Verkefni sem hvetja til samvinnu og samkenndar, (jákvæður agi). Taka tillit og aðstoða hvort annað. Skiptast á með leikefni. Dagleg rúttína gefur börnunum öryggi og aga.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið eftir fyrirmælum og fylgt þeim eftir.</li> <li>• Tekið mið af upplýsingum s.s. frá veðurfræðingi og klætt sig eftir þeim.</li> </ul>	Hvetja börnin til að hlusta vel og endurtaka fyrirmæli. Hvetja börnin til að hlusta hvort á annað og taka mark á.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Klætt sig sjálf í útífatnað með lágmarks aðstoð.</li> <li>• Haft tilfinningu hvernig gekk í ákveðnum stundum dagsins.</li> </ul>	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf. Veit börnum hrós og hvatningu eftir því sem við á. Setja orð á athafnir barnsins og sigra.

## 2.4. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn

### ***i. Kennsluaðstæður***

Börnin hafa sitt heimasvæði innan skólans, svokölluð hreiður. Fjögurra ára börnin hafa heimasvæði á Ugluhreiðri og fimm ára börnin hafa sitt heimasvæði á Spóahreiðri.

Fataaðstaða er á neðri hæð húss við inngang skólans. Þar er um sameiginlega fataaðstöðu barna á aldrinum 3ja til 5 ára að ræða.

Útisvæði er sameiginlegt í skólanum og það sækja öll börn skólans, en yngstu börnin hafa þar að auki sér afmarkað leiksvæði. Útikennsluaðstaða er einnig fjölbreytt við skólann bæði á svölum og á útisvæðinu sjálfu.

Börnin nýta einnig sameiginleg svæði í skólanum, s.s. list – og verkgreinasmiðjur, útismiðjur, íþrótt- og hreyfisvæði og kubbavæði. Mikil fjölbreytni er því í þeim daglegu aðstæðum sem börnum bjóðast í Krikaskóla.

Börnin borða í matsal skólans með öðrum leikskólabörnum í Krikaskóla.

Vettvangsferðir eru farnar með barnahópnum. Þær eru bæði styttri og lengri, þar sem farið er skammt frá skólanum í gönguferðir eða dagsferðir þar sem taka þarf strætisvagn eða rútu eftir aðstæðum. Vorferðin fyrir 4 ára börnin hefur verið á Sjávardýrasafnið og vorferðin fyrir 5 ára börnin í Húsdýragarðinn. Kennarar hafa frjálssar hendur með skipulag vettvangsferða sem tengjast þemavinnu eða öðru áhugaverðu s.s. ferðum í Árbæjarsafn, tónleika og leiksýningar.

### ***ii. Kennsluáætlanir***

Sett er upp dagskipulag fyrir árgangana sem unnið er eftir yfir skólaárið.

Lögð er áhersla á myndrænt dagskipulag fyrir börnin þannig að þau læri einnig að nýta það til að öðlast yfirsýn yfir daginn sinn. Eftir því sem börnin eldast er aukin áhersla á texta fyrir þau, svo sem á dagskipulagi og vægi staðlaðra mynda minnkar.

Eins eru unnar sérstakar áætlanir um einstaka þætti í skólastarfinu, svo sem hreyfistundir í íþróttasal sem taka mið af aldurshópnum. Hópastarfið er einnig skipulagt fyrirfram og tekur mið af árstíðarbundnum verkefnum og sérstökum áherslum skólastarfsins hverju sinni.

Áætlanir eru unnar fyrir ýmis sameiginleg verkefni í skólanum þar sem allir árgangar taka þátt. Þar má nefna sem dæmi söngstundir á föstudögum en þá hittist allur skólinn. Hver árgangur sér um nokkrar söngstundir á ári og undirbýr lög og texta, sem og skemmtiatriði sem fyrir hin börnin í skólanum.

### iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</i></li><li>• <i>Aðgangur að tölum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</i></li><li>• <i>Opin efniviður sem gefur börnum tækifæri á fleiri en einni útkomu.</i></li><li>• <i>Fjölbreytt leikefni og efnivið til leiks, bæði inni og úti við.</i></li></ul>
Annað sem börn þurfa að hafa með sér í skóla til eigin nota	<ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Börnin þurfa að hafa með sér aukafatnað og útivistarfatnað til að geta nýtt sér fjölbreytt skólastarf inni og úti.</i></li><li>• <i>Börnin þurfa að hafa með sér bleiur, blautklúta og krem sem nauðsynleg eru meðan þau nota bleiur.</i></li><li>• <i>Hjálpartæki sem þau þurfa að nota í daglegu starfi til að þau geti notið skóladagsins.</i></li></ul>

## 2.5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Árangarnir taka þátt í öllu foreldrasamstarfi eins og lagt hefur verið upp í Krikaskóla. Þar fyrir utan er hugað sérstaklega að upphafi skólagöngu þegar börn bætast í hópinn yfir skólaárið (sjá nánar í Móttökuáætlun).

Foreldrum og börnum er boðið að koma í heimsókn í Krikaskóla til að sjá aðstæður og eiga samtöl við deildarstjóra og verkefnastjóra. Þá er sérstaða skólans útskýrð fyrir foreldrum sem koma nýjir inn í skólasamfélagið okkar.

Upplýsingatöflur eru á nokkrum stöðum í skólanum, s.s. í anddyrum og við afgreiðslu ritara sem kynna þarf fyrir foreldrum.

## 2.6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

Námsmat í bekknum/árganginum skiptist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum lykilhæfni og námshæfni). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum að ná árangri. Í þessum árgangi er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Ferilmappa er stofnuð fyrir hvert barn í Krikaskóla þegar skólaganga hefst. Þar er safnað sýnishornum af ýmsum verkum sem barnið vinnur í skólanum. Lagt er upp með að í lok hvers skólaárs liggi fyrir ákveðinn fjöldi verkefna sem barnið hefur unnið eða verið þátttakandi í.
- Myndaskráning er mikilvæg í starfi með ungum börnum og því höfum við lagt áherslu á að taka myndir til birtinga fyrir foreldra. Myndirnar auðvelda einnig börnunum að rifja upp og segja frá.
- Símat er unnið yfir skólaárið og lagt er mat á það starf sem unnið er með barnahópnum sem og einstaklingum innan hans. Verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórnendur taka þátt í því mati eftir því sem kennarar og/eða foreldrar kalla eftir hverju sinni.
- Með 3ja ára börnunum er unnið TRAS þroskamat sem fylgir þeim í gegnum leikskólaárin.
- Hljóm-2 athugun er lögð fyrir 5 ára börnin.



**b. Stöðumat.**

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu, með viðtali foreldra og kennara. Megináherslan í stöðumatinu er að fara yfir þroskastöðu barnsins. Til þess eru notaðir matslistar byggðir á rannsóknum Britte Holle um stöðu hvers þroskasviðs fyrir sig og listar sem þróaðir hafa verið innan skólans.

**b. Lokamat:**

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem kennari leggur mat á hæfni og þroska hvers barns. Þau gögn eru mikilvægur þáttur í samfellu barnsins milli árganga í skólanum. Sá kennari sem tekur við barninu fær upplýsingarnar til sín skriflega sem og munnlega innan skólans. Þessi skil fara fram að vori eftir því sem við verður komið, annars að hausti.